

ANNASAMUR SÓLARHRINGUR Á SKURÐSTOFUNNI

Ég hef verið mjög hugsí eftir atburði undanfarins sólarhrings. Mig langar að deila með ykkur hvernig síðastliðinn sólarhringur gekk fyrir sig í mínu lífi og nokkurra annarra.

Ég er skurðhjúkrunarfræðingur á Landspítalanum við Hringbraut. Ég mætti í vinnuna kl 7:30 í gærmorgun. Dagurinn leit vel út. Til stóð að skera í burtu tvær ónýtar gallblöðrur og þykir það nú ekki mikið. Með mér á skurðstofu # 6 var hún Alda en svo vildi til að hún var líka með mér á B-vaktinni (helgarkvöldvaktinni) ásamt nöfnu minni henni Erlu. Við Alda vorum bara tvær á stofu 6, venjulega erum við þrjár og leysum hvora aðra af í mat og kaffi. Fyrri gallblaðran var frekar erfið svo það teygðist aðeins á deginum okkar. Klukkan 14 þegar báðar gallblöðrurnar voru yfirstaðnar komumst við loksins í mat. Þá var að vísu búið að loka matsalnum en að venju vorum við við öllu búnað – vel nestaðar. Þetta þykir nú ekki mikið og alvanalegt á Landspítalanum....

Um kl 16 var dagsprógrammi skurðstofanna lokið og ekkert annað fyrirleggjandi svo við fórum heim. Sem þriggja barna móðir þarf maður að sjálfsögðu að sinna ungunum sínum – andlega sem og líkamlega og það verk innir maður af hendi með mikilli gleði. Upp úr klukkan átta var litla eins árs dóttir mín sofnuð og ég sat ásamt tveimur eldri börnunum mínum og horfði á bíómynd þegar vaksíminn hringir. Í símanum er Alda sem tjáir mér að herramaður sem hafði verið í blöðruhálskirtilsaðgerð sé blæðandi og við verðum að mæta. Ég bruna af stað og segi manninum mínum að ég verði nú ekki lengi – þetta taki í mesta lagi 2 tíma.

Blöðruhálskirtils-maðurinn var mjög óstabil. Aðgerðin hans tók lengri tíma en áætlað var og þegar hún var langt komin fengum við tilkynningu um tvær mjög bráðar aðgerðir og eina sem ekki var eins rosalega bráð. Í fyrsta lagi var um að ræða 2ja ára barn sem hafði andað að sér poppbaun og var komið í mikla andnað. Poppbaunina skyldi sækja með berkjuspeglunartæki inni á skurðstofu 3. Mikið lá á að hefjast handa sem allra fyrst. Við Alda köllum út hana Erlu nöfnu mína til að sinna því verkefni og var hún komin í hús á mettíma. Í öðru lagi var 36 ára kona, þriggja barna móðir, með massíft hjartaáfall sem þurfti að fara í opna hjartaaðgerð eins fljótt og auðið var. Helst í gær! Við köllum út auka hjartavaktina (skurðhjúkrunarfræðingur sem er vanur í hjartaaðgerðum) hana Halldóru til að hjálpa okkur. Í þriðja lagi var svo annar herramaður blæðandi – í þetta skiptið eftir aðgerð sem gerð var á honum fyrr um daginn til að fjarlægja æxli úr blöðru. Aðgerðunum var forgangsraðað – barnið og unga konan voru fyrst á dagskrá.

Við Alda og Halldóra gerðum allt klárt sem þarf að gera klárt við opna hjartaaðgerð. Það er mjög margt. Á met-tíma opnuðum við allt sem opna þarf, Alda stóð steril og undirbjó allt fyrir aðgerðina sjálfa, Halldóra gaf henni öll dauðhreinsuð tæki og tól sem nauðsynleg eru og ég

sóttþreinsaði húð konunnar, skellti í hana þvaglegg og undirbjó hana að öðru leiti. Allt ofantalið tók okkur aðeins nokkrar mínútur. Sem er víst eins gott því konan átti bara nokkrar mínútur eftir ólifaðar hefði hún ekki komist í hjarta og lungnavélina sem allra fyrst. Þegar þetta var yfirstaðið skrúbbaði ég mig í einum hvelli til að aðstoða hinn hjartaskurðlækninn sem náði í æð úr fæti konunnar til að nota sem hjáveitu milli ósæðarinnar og kransæðanna.

Þegar hjartaaðgerðin var komin vel á veg skildi ég Halldóru og Öldu eftir inni á hjartastofunni og fór að athuga með Erlu og litla barnið. Treglega hafði gengið að ná poppbauninni þar til Erlu datt í hug að sækja svokallaða “körfu” sem notuð er til að veiða nýrnasteina - náðist þá loksins baunaskrattinn!

Þá var barnið komið á Gjörgæsluna þar sem það fékk að jafna sig eftir svæfinguna og við Erla fórum að huga að hinum manningnum sem var blæðandi. Eftir að búið var að undirbúa hans aðgerð, finna til öll nauðsynleg tæki og tól og hann var kominn upp á skurðarborðið gekk auðveldlega að stöðva blæðinguna. Á meðan svæfingin var að vekja hann fór Þorsteinn þvagfæraskurðlæknir að kíkja á fyrri kallinn inni á Gjörgæslu. Þar kom í ljós að það þyrfti að gera aðra tilraun til að stöðva blæðinguna hjá honum – ekki hafði tekist að stöðva blæðinguna með fyrri aðgerðinni.

Nóttin í nótt var mjög annasöm og um var að ræða óvenju marga bráðveika sjúklinga. Aðgerðir næturinnar tóku enda klukkan að ganga 6 í morgun og hafði þá 4 mannlífum verið bjargað. Af fjórum skurðhjúkrunarfræðingum sem stóðu vaktina í nótt eru þrjár að hætta og ein er komin á eftirlaunaaldur. Allir þrír svæfingahjúkrunarfræðingarnir sem unnu með okkur í nótt hafa sagt upp og hætta 1. mars. Ungu konan með stóra hjartaáfallið hefði ekki lifað af að vera send erlendis í hjartaaðgerð. Það er ég alveg viss um. Þá hefðu 3 börn misst móður sína. Ég veit ekki með barnið og mennina með blæðinguna, kannski verður áfram hægt að hjálpa fólki með svona “minniháttar” vandamál...